

HÚSÖNDIN

85.tbl. 2.árg.
30.október 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 31.OKT.-6.NÓV.

- 31.10 Hermann Kristjánsson
- 2.11 Þuríður Helgadóttir
- 4.11 Ragnheiður Diljá Káradóttir, Sandra Haraldsdóttir
- 6.11 Áslaugur Haddsson

ENDURNÝTINGAMARKAÐUR // FLEAMARKET

Til stendur að halda endurnýtingamarkað í Skjólbrekku laugardaginn 2. nóvember, kl. 13-16. Á markaðnum stendur öllum til boða að GEFA, SELJA eða SKIPTA á heillegum hlutum, fatnaði o.fl.

There will be a flea market in Skjólbrekka on the 2nd of November between 13-16. Everyone is welcome to have a table to themselves to SELL, GIVE AWAY or TRADE items that are intact.

Ef þú vilt nánari upplýsingar eða skrá þig fyrir borði hafðu endilega samband við:

If you need more information or want to sign up for a table, please contact:

Karen Ósk (karenosk06@gmail.com) s. 771-7631

Linda Björk (linda_bjork@live.com) s. 869-8830.

FRIDAYS AND SUNDAYS 16:30-18:30
LOCATION: SKJÓLBREKKA



STARTS 8.NOVEMBER 2019

1A ICELANDIC

-for beginners

Price: 22.500kr. Please
check with your union
(Framsýn) for refund



Sign up at: ditta@hac.is
or call 464-5130
before 6.November.

Nýsköpun í norðri

Upplýsinga- og umræðufundur
í Skjólbrekku 6.nóv kl. 20



Nýsköpun í norðri er verkefni sem hrundið hefur verið af stað af hálfu sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Píngeyjarsveitar, m.a. í tengslum við sameiningarviðræður sveitarfélaganna.

Verkefnistíminn er út árið 2020 og er markmiðið að styrkja samkeppnishæfni svæðisins og vera á sama tíma í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar. Á fundinum verður verkefnið kynnt og leitað eftir hugmyndum íbúa Skútustaðahrepps um það hvernig það geti best nýst svæðinu.

Frekari upplýsingar veita

Sveinn Margeirsson, s: 680 6666 / sveinn.margeirsson@gmail.com

Helgi Héðinsson, s: 663 1410 / hhedins@hi.is



Menningarfélagið Gjallandi kynnrir:


2019/2020
NÓVEMBER

14. nóvember
Félagsvist II

Stigahæstu kona / karl og setuverðlaun



ÓLAFUR B. SCHRAM



Höpp og glöpp

Sjálfshól og svaðilfarir

Ólafur B. Schram

Bókakynning í Seli
8.nóvember kl.20:00

Bók fyrir allt fullorðið fólk, full af sögum,
viðureignum, dauðafærum og upppákomum,
ekkert nema höpp og glöpp.

Kæru sveitungar,

Mánudaginn 4. nóvember skellum við í lás í bili eftir frábært tímabil. Því eru síðustu forvöð þessa vikuna til þess að næla sér í pizzu hjá okkur að sinni.



Helgaropnun í vetur auglýst síðar.

Takk fyrir sumarið!

Verið velkomin frá 12:00-22:00 þangað til.



Árshátíð Reykjahlíðarskóla 2019

Hin árlega árshátíð Reykjahlíðarskóla verður fimmtudaginn 7. nóvember og hefst kl. 19:30 í skólanum.

Nemendur flytja fjölbreytta skemmtidagskrá og að þessu sinni mun 8. - 10. bekkur sýna leikritið Hrói höttur eftir leikgerð leikhópsins Lottu.


Í hléi verður boðið upp á kaffiveitingar.
Aðgangseyrir er kr. 2.000.- fyrir 16 ára og eldri,
fyrir skemmtun og kaffi.

Hvetjum alla til að koma og eiga frábæra kvöldstund
og styrkja börnin.

Allur ágóði rennur í nemendasjóð.

Nemendur og starfsfólk

VISKÍ – SVÆÐIN Í SKOTLANDI



SKJÓLBREKKA 8.NÓVEMBER 2019

FLAKKAÐ UM SKOTLAND MEÐ SNORRA GUÐ. HVERNIG ER LANDINU SKIPT Í SVÆÐI?

Svæðin hafa mismunandi einkenni, m.a. varðandi lykt og bragð.
Mjög misstór og afar ólík innbyrðis.

Á þessu námskeiði er farið í svæðin, einkenni þeirra, stærð o.fl.
Láglönd, Hálönd, Speyside, Eyjar, Campbeltown og Islay.

Á námskeiðinu eru prófaðar sirka 9 tegundir, meðan
glærusýning er keyrð og spallað um það, sem þátttakendur
langar að vita meira um.



Snorri Guðvarðsson er málarameistari á Akureyri, sem hefur sérhæft sig í vinnu við friðuð hús og þá aðallega kirkjur. Þar snýst vinnan um viðar- og marmaramálun, gyllingu og og alls kyns skreytingar, ásamt vinnu með línolíumálningu og önnur efni fyrri tíma. Hann hefur líka verið í hljómsveitum frá unga aldri og var m.a. lengi í Hljómsveit Ingimars Eydal. Fékk á fullorðinsárum áhuga á viskí og öllu, sem það snertir. Hann hefur verið með kynningar fyrir öll viskíumboðin á landinu, námskeið fyrir Simey.is, Farskolinn.is og Þekkingarnet Þingeyinga ásamt alls kyns námskeiðum fyrir klúbba, félagasamtök, vinnu- og vinahópa, starfsmannafélög o.s.frv.

SKRÁNING Á HAC@HAC.IS OG Í S:464-5100
FYRIR 5.NÓV